

Slýsla svæðistjóra Eddusvæðis

Haldin 26 mars í Geysishúsinu Mosfellsveit.

Það hefur verið gott starf í klúbbunum á Eddu svæðinu þetta starfsárið, eins og endra nær. Blómlegt félagslíf og fjáraflanir hafa gengið vel.

Ég byrjaði á því að skipta um stjórn í Jörfa, klúbbnum mínum, á hátíðarfundum með eiginkonum sem haldinn var á veitingastaðnum Hafinu bláa. Síðan skipti ég um stjórn í Kötlu sem hélt einnig hátíðarfund með konum og þar voru teknir inn tveir nýir félagar í fallegu umhverfi Hótel Hengils. Síðan voru stjórnarskipti í Þyrli á Akranesi á venjulegum fundum. Þá voru stjórnarskipti hjá Höfða á sama tíma og hjá Jörfa og sá Sigurður Jóhannsson um þau.

Svæðisráðsfundur var haldinn 13. nóvember í Kiwanishúsinu Engjateigi. Þar skiluðu forsetar skýrslum sínum og voru þær allar góðar sem sýna að það er mjög góður félagsandi í klúbbunum. Umdæmisstjóri kom á fundinn og sagði frá stöðu mála og ferðanefnd kynnti ferðir sínar. Allar skýrslur og fundargerð eru aðgengilegar á síðu Eddu svæðis á heimasíðu Kiwanis umdæmisins

Hjá Höfða er mjög öflugt starf, alls 31 félagi, auk þess sem þeir sjá um unglingsklúbbinn. Í Jörfa eru 31 félagi og mjög öflug liðsheild, Jörfamenn eru alltaf eitthvað að starfa saman enda mjög góð fjáröflun hjá þeim. Í Kötlu eru nú 34 félagar, en mjög öflugt starf er þar í gangi þar. Forseti Þyrils er mjög öflugur, hann ætlar að fjölga félögum um sex á þessu ári og að það er líka vel mætt á fundum hjá þeim. Tveir félagar bættust við í desember, svo félagar í Þyrli eru nú 32 og í Jöklu eru 11 félagar.

Eftir þetta starfsár mun Eddu svæðið heyra sögunni til, en Þórs svæði, án færeysku klúbbanna, og Eddu svæði verða sameinuð í eitt stórt svæði með 10 klúbbum sem telja um 250 félagar. Stjórnir svæðanna

hafa haldið nokkra fundi til að undirbúa þetta og hefur svæðið fengið vinnuheitið Freyjusvæði, en kosið verður um nafnið á sameiginlegri svæðisráðstefnu Eddu og Þórs svæða, sem haldinn verður 26. mars. Búið er að ganga frá því að Snjólfur Fanndal úr Eddusvæði verði fyrsti svæðisstjóri nýja svæðisins, en kjörsvæðisstjóri verði Hörður Mar úr Þórssvæði. Það kemur því fyrst til kosninga um kjörsvæðisstjóra að ári. Svæðisráðsfundur sem vera átti í Eddu svæði í september verður felldur niður.

Það hefur því miður orðið minna úr heimsóknum mínum í klúbbana en til stóð, þar hafa veikindi sett strik í reikninginn. En með hækkandi sól mun ég hressast og vonast til að geta þá heimsótt klúbbana.

Ég vil þakka klúbbunum í Eddu svæðinu fyrir gott starf á starfsárinu og vona að starfið verði jafn öflugt í nýja svæðinu okkar.

Jón Jakob Jóhannesson, síðasti svæðisstjóri Eddu svæðis.

Baldur Árnason ritari.